

81. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 9. maí kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Helgi B. Haraldsson, Þorbergur Bæringsson, Guðmundur Kristinsson og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Deiliskipulagstillaga af verslunar og þjónustusvæði við Aðalgötu. Tillagan var í auglýsingu til 4. maí 2006. Engar athugasemdir bárust.
Tillaga samþykkt.
2. Deiliskipulagstillaga af atvinnuhúsnæði við Nesveg. Tillagan var í auglýsingu til 4. maí 2006. Athugasemdir hafa borist frá Ægi Þór Ólafssyni, Sundabakka 15, Guðmundi Páli Ólafssyni og Ingunni Jakobsdóttur Neskinn 1 og Ellerti Kristinssyni Sundabakka 13.
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga verði endurskoðuð með tilliti til athugasemda.
3. Hinrik Hjartarson og Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfurgötu 32, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. febr. 2006. Erindið var í grenndarkynningu frá 21. mars til 19. apríl. Engar athugasemdir bárust. Samtals 32,8 m², 101,6 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
4. Erindi frá Ásthildi Sturludóttur um lóðarstækkun að Skólástíg nr. 5.
Byggingarfulltrúa falið að gera tillögu að lóðarstækkun.
5. Tillaga um staðsetningu á flokkunargámum við skóla/sundlaug.
Tillaga samþykkt.
6. Fyrirspurn frá Hjálmdísi B. Bergmannsdóttur og Daða H. Sigurþórssyni um leyfi til að byggja einbýlishús að Reitarvegi nr. 4 samkvæmt tillöguteikningum og bréfi dags. 8.05.06. Einnig er sótt um niðurrif á núverandi húsi að Reitarvegi nr. 4.
Samþykkt niðurrif á húsi og tekið jákvætt í fyrirspurn. Nefndin bendir á að huga þarf að veðböndum vegna niðurrifs.
7. Lögð fram afstöðumynd af fyrirkomulagi bílastæða við Nesveg 1 og 1A.
Tillaga samþykkt með lítilsháttar breytingum á bílastæðum.
8. Eyþór Ágústson og Dagbjört Höskuldsdóttir Hafnargötu 4 sækja um að fjölga gluggum á norðausturhlið hússins og fjarlægja skorstein.
Erindi samþykkt. Gjald kr. 3000.-

9. Athugasemdarbréf dags. 12. apríl 2006 frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg um blindhorn við Borgarbraut.
Erindi lagt fram til kynningar.
10. Skipulagstillaga af Víkurhverfi unnið af Glámu Kím dags. 11.06.06.
Tillaga lögð fram til kynningar.
11. Tillaga af yfirborðsfrágangi af miðbæ unnið af Landslagi dags. 2.05.06.
Tillaga lögð fram til kynningar.
12. Fyrirhuguð staðsetning á siglingaklúbbi Siglingadeildar Snæfells.
Tekið er jákvætt í erindið. Leggja þarf fram tillöguteikningar.
13. Breytingartillaga á lóðarstærðum við Tjarnarás nr. 2 – 16 sbr. teikningu dags 9.05.06.
Tekið er jákvætt í tillögu.
14. Stykkishólmshöfn /Hrannar Pétursson hafnarvörður sækir um að staðsetja girðingu út við Súgandisey, sbr. bréf dags. 5. 05.06.
Erindi samþykkt.
15. Ingibjörg Gísladóttir og Unnur Jónasdóttir Ásklif nr. 3 sækja um að staðsetja garðhýsi á lóðinni sbr. teikningu.
Erindi samþykkt.
16. F.h. Hótel Breiðafjarðar sækir Guðný V. Gísladóttir um að staðsetja auglýsingaskilti við Aðalgötu sbr. tillögu.
Erindi frestað.

17. Önnur mál

17.a Þorbergur Bæringsson bendir á umhirðu einstakra lóða í bænum er ábótavant.

Gretar D. Pálsson þakkar nefndarmönnum og varamönnum s.l. sextán ár fyrir mjög ánægjulegt samstarf, sérstaklega þó nefndarmönnum á seinasta kjörtímabili.

Fundarmenn þakka formanni fyrir samstarfið á kjörtímabilinu og góðar veitingar á fundinum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:55

Gretar D. Pálsson (sign)
Helgi B. Haraldsson (sign)
Þorbergur Bæringsson (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)